



Hjálparstarf
kirkjunnar

actalliance

Starfsskýrsla 2011–2012

Hjálparstarf kirkjunnar

Starfsskýrsla 2011-2012

Aðalfundur

29. september 2012

haldinn í Grensáskirkju



Hjálparstarf
kirkjunnar

Efnisyfirlit

Frá orðum til athafna	3	<i>Umhverfisvernd</i>	18
Verkefni innanlands	4	<i>Sparnaður og lán</i>	18
Innanlandsaðstoð	4	Sameinaða indverska kirkjan	19
Inneignarkort í stað þess að afhenda mat í poka	4	Skólastarf og heimavist	19
<i>Staða hvers og eins metin</i>	7	<i>Fósturforeldrar</i>	20
<i>Ráðgjöf</i>	7	Eþíópía	20
<i>Mat á nýrri nálgun – rannsókn leiðir í ljós ánægju með breyttar áherslur</i>	7	Malaví	23
<i>Fataúthlutun</i>	8	Úganda	26
<i>Ómissandi sjálfboðaliðar</i>	8	Neyðaraðstoð	27
Framtíðarsjóður	8	Eþíópía	27
Velferð barna	8	Malaví	28
Námssjóður fullorðinna	8	Samstarf og fundir um þróunarmál	29
Lyf og lækniskostnaður	9	Framkvæmdastjórafundur Norðurlanda	29
Jólaaðstoð	9	<i>Samráðsvettvangur íslenskra manúðarsamtaka í alþjóðlegu hjálparstarfi og þróunarsamvinnu, SÍMAH</i>	29
Þátttaka í nefnda- og hópastarfi um aðstoð innanlands	9	<i>Þróunarsamvinna ber ávöxt</i>	29
<i>Samráðshópur um málefni utangarðsfólks</i>	9	<i>Samstarfsráð utanríkisráðuneytisins</i>	29
<i>Velferðarvakt</i>	10	Fræðslu- og kynningarmál	29
<i>European Anti Poverty Network á Íslandi</i>	10	Fréttablaðið Margt smátt	29
Velferð er annað og meira en peningar	10	Heimsóknir til hópa	30
<i>Aðilar að Almannaheillum</i>	11	Safnanir og fjáröflun	30
Breytendur – Changemaker	11	Fermingarbarnasöfnun 2011	30
Viðburðir	11	Jólasöfnun	30
Kynningar og nýliðun	12	Páskasöfnun	30
Mótsferðir	12	Hjálpum þeim – safnútgáfa	30
Þróunarstarf	13	Vefsíðurnar gjofsemgefur.is og framlag.is	31
Indland	13	Friðarljós	31
Mannréttindasamtökin Social Action Movement	13	Sóknir, félög, samtök og fyrirtæki	31
<i>Forskólar</i>	13	Aðrar fjáröflunarleiðir	31
<i>Kvöldskólar og frelsi undan ánaud</i>	14	Fjármál	32
<i>Sumarbúðir, námskeið og fundir</i>	14	Söfnunarfé og útgjöld	32
<i>Barnaþing</i>	15	Framlög til verkefna	32
<i>Starfsnám</i>	15	Skipulag, stjórn, starfsfólk	33
<i>Námssstuðningur</i>	15	Stjórn og fulltrúaráð Hjálparstarfs kirkjunnar	34
<i>Stéttarfélag kvenna</i>	16		
<i>Stéttarfélag frumbyggja</i>	16		
<i>Stéttarfélag þvottamanna</i>	17		
<i>Leyst úr þrælavinnu</i>	17		

Frá orðum til athafna

Flestir kannast við söguna af miskunnsama samverjanum en hana notaði Jesús til að undirstrika ábyrgð okkar á öðru fólki sem þarfnast hjálpar. Maður nokkur var á ferð og var svo óheppinn að lenda í höndum ræningja sem börðu hann til óbóta og stálu öllu sem hann átti og skyldu hann eftir illa haldinn. Svo vildi til að prestur nokkur fór sömu leið og sá manninn. Í stað þess að rétta honum hjálparhönd gekk hann framhjá. Hann taldi sig ekki bera neina ábyrgð á þessum vesaling sem var svo óheppinn að láta ræna sig. Stuttu síðar kom þar annar maður að og yppti öxlum, taldi sér ekkert koma þetta við og flýtti sér framhjá. Kannski hugsaði hann: „Ég hef nóg með mig og mína og svo þekki ég þennan mann ekki. Það er ekki mín ábyrgð að sinna honum“. Þriðji maðurinn átti þarna leið um og sá mann-greyið nær dauða en lífi, liggja við veginn hjálparlausan. Einfaldast hefði verið fyrir þennan mann að gera það sama og hinir, ganga framhjá en það gerði hann ekki. Hann gekk til mannsins, batt um sár hans og tók hann síðan með sér á næsta gistihús. Þar gekk hann þannig frá málum að maðurinn fengi alla þá hjálp og umönnun sem hann þyrfti á að halda þar til hann gæti séð um sig sjálfur. Þetta var hjálp til sjálfshjálpar og þannig á hjálparstarf að vera.

Hjálparstarf kirkjunnar hefur haft þetta að leiðarljósi í öllu sínum starfi bæði heima og erlendis. Hér heima hefur t.d. ungt fólk fengið aðstoð til að ljúka námi í framhaldsskóla og margir nú komnir í lánshæft nám. Hjálparstarf kirkjunnar hefur ekki látið nægja að veita fjárhagsstuðning heldur einnig lagt áherslu á ráðgjöf, einstaklings-, fjölskyldu- og fjármálaráðgjöf. Þetta hefur borið góðan árangur og hjálpað fólki til að hjálpa sér sjálft.

Í verkefnum okkar erlendis tekur fólkið sjálft virkan þátt bæði í að grafa brunna, halda þeim við og sjá til þess að allir gangi vel um brunninn. Fjölskylda sem fær geit ber að gefa fyrsta afkvæmið til annarrar fjölskyldu í neyð, þannig bera þau sjálf ábyrgð á náunga sínum, að veita öðrum sem búa við bág kjör þá hjálp sem þau geta veitt.

Sá góði stuðningur sem Hjálparstarfið hefur fengið í gegnum árin frá almenningi, stjórnvöldum, fyrirtækjum og samtökum er vitnisburður um ábyrga afstöðu allra þessara aðila gagnvart náunga okkar sem er í neyð, hvort sem er á Íslandi eða erlendis. Okkur ber skilda að ganga ekki framhjá heldur gera það sem við getum til hjálpar með það að markmiði að sá sem er í neyð í dag og þarf stuðning geti á morgun staðið á eigin fótum og jafnvel hjálpað öðrum.

Starf Hjálparstarfsins er ekki bara áætlanir og orð á blaði heldur raunverulegar aðgerðir, athafnir sem leiða til betra lífs fyrir marga. Um þetta starf má lesa í þessari skýrslu.

*Jónas Þórir Þórisson
framkvæmdastjóri*

Verkefni innanlands

Innanlandsaðstoð


Starfsárið 2011-2012 markar tímamót í þeirri aðferðarfræði sem hefur verið við lýði frá því að innanlandsaðstoð hófst hjá Hjálparstarfi kirkjunnar. Ný aðferðafræði byggir enn frekar á valdeflingu og mannréttindahugsun.




Inneignarkort í stað þess að afhenda mat í poka

Nú hefur svokölluð kortaleið verið við lýði í meira en eitt ár en hún hófst 1. maí 2011. Breytingin úr því að afhenda matarpoka yfir í að gefa inneignarkort og auka ráðgjöf hefur reynst mjög vel og verður þessi háttur hafður á áfram. Inneignarkortin voru einskorðuð við barnafjölskyldur. Öðrum var vísað til annarra hjálparstofnana sem gefa mat, á svæðum þar sem þær starfa. Ef engar slíkar eru á svæði barnlausra umsækjanda, fá þeir einnig mataraðstoð hjá Hjálparstarfinu. Til að geta fengið aðstoð þurfa allir umsækjendur að skila gögnum um tekjur og útgjöld. Sést þá hve mikið viðkomandi hefur milli handanna þegar allir reikningar hafa verið greiddir. Sé mismunur undir viðmiði umboðsmanns skuldara, fær umsækjandi aðstoð Hjálparstarfsins. Sé umsækjandi yfir viðmiði fær hann gögn og útskýringar sendar heim og honum gefinn kostur á að koma með viðbótargögn til að láta umreikna umsóknina. 2.114 fjölskyldur fengu aðstoð í 5.489 afgreiðslum, samtals eru það um 5.700 einstaklingar sem hafa fengið stuðning. Um 10% umsækjenda hafa reynst ofan marka.


Afgreiðslur / einstaklingar eftir kyni




Framfærsla / hlutfall




Hlutfall einstæðra foreldra




Ástæða aðstoðar – hlutfall




Húsnæði umsækjenda




Aldursskipting – fjöldi



Fjöldi barna á bak við einstaklinga



Hlutfall íslendinga



Staða hvers og eins metin

Þeir sem uppfylla skilyrði fá í hendur inneignarkort sem eru eign Hjálparstarfsins en ekki merkt því. Félagsráðgjafi metur hvaða upphæðir og hversu oft skuli lagt inn hjá hverjum og einum yfir ákveðið tímabil. Að því liðnu kemur umsækjandi með ný gögn og staðan er metin aftur. Um síðustu áramót var reynslan af kortunum metinn og kerfið fínþússað, helstu breytingar sem gerðar voru snertu fjölda úthlutunna og upphæðir, með þessari fínþússningu er betur komið til móts við þá sem allra verst standa.

Ráðgjöf

Samhliða því að inneignarkortin voru tekin upp var farið af stað með öflugra ráðgjöf, umfram það sem félagsráðgjafar Hjálparstarfsins ná að veita í viðtölum sínum. Einstaklings- og fjölskylduráðgjafi frá Fjölskylduþjónustu kirkjunnar hafði fasta viðveru hjá Hjálparstarfinu og fjármálaráðgjafi frá fyrirtækinu Velgengni. Hefur þessi ráðgjöf mælst vel fyrir og er hún vel nýtt. Áfram þarf að leiðbeina og hvetja fólk til að nýta sér ný úrræði, sækja um vinnu og halda virkni. Þannig hefur tekist að styðja marga til sjálfs-hjálpar.

Haldin voru fjögur námskeið í samvinnu við Rauða kross Ísland, Matsæld og lífsleikni í góðum hópi. Samtals tóku 24 einstaklingar þátt. Hvert námskeið stóð yfir í sex vikur þar sem hópurinn hittist einu sinni í viku. Haldnir voru fyrirlestrar og bein kennsla í að elda ódýran og hollan mat. Ljóst er að full þörf er á slíkum námskeiðum og stefnir Hjálparstarfið að því að bjóða upp á þau á komandi vetri.

Í samstarfi við þjóðkirkjuna var boðið upp á sjálfstyrkingarnámskeiðið, Konur eru konum bestar. 10 konur tóku þátt. Áfram verður í boði að taka þátt í þessi námskeið og einnig stendur til að bjóða framhaldsnámskeið í samvinnu við námskeiðshaldara sem verður sérsniðið fyrir skjólstæðinga Hjálparstarfsins.

Mat á nýrri nálgun – rannsókn leiðir í ljós ánægju með breyttar áherslur

Katrín Alfredsdóttir mastersnemi í félagsráðgjöf gerði haustið 2011 rannsókn á upplifun notenda þjónustu Hjálparstarfsins, af breyttum áherslum í mataraðstoð og starfsaðferðum. Niðurstöður þeirrar rannsóknar benda til að notendum þjónustunnar sem rætt var við líkaði þjónustan betur eftir breytingarnar og auðveldaði þeim margt. Með inneignarkortum gátu viðmælendur í rannsókninni skipulagt innkaup sín og valið og keypt það sem þeir vildu borða. Einnig kom fram í niðurstöðunum að fólk gat ekki alltaf nýtt sér það sem var í matarpökunum af ólíkum ástæðum. Mikilvægur þáttur var einnig sá að notendur þjónustunnar upplifðu sig sem þátttakendur í daglegu lífi samfélagsins í stað þess að upplifa niðurlægingu við að bíða eftir mat í biðröð. Viðmælendum fannst flestum alveg sjálfsagt að koma með gögn um tekjur sínar og gjöld til að sýna fram á þörf sína fyrir aðstoð. Mörgum fannst það jafnvel gott því að á þann hátt lá það ljóst fyrir að þau þurftu á aðstoðinni að halda í raun.



Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að allir viðmælendur voru ánægðir með breytt fyrirkomulag og telja sig hafa aukið val í annars erfiðum aðstæðum sínum. Það kom líka fram í svörum þeirra að þeir hefðu ekkert val um það hvort þeir leituðu til hjálparstofnana eða ekki, staða þeirra væri þannig og þörfin brýn.

Fræðimenn hafa bent á að val og þátttaka er nauðsynleg og ein af grunnþörfum mannsins. Fram kom hjá viðmælendum að þeir vildu aukið sjálfstæði og ekki þurfa að vera í þeirri stöðu að vera bara þiggjendur. Þeir töldu ráðgjöfina mikilvæga þar sem hún gæti dregið úr einangrun og aukið sjálftraust og virkni þeirra. Allir viðmælendur sögðust þakklátir fyrir það að geta lagt sitt af mörkum með því að taka þátt í rannsókninni.

Fataúthlutun

Fataúthlutun fer fram í hverri viku þar sem þeir sem þurfa fá föt ókeypis. Stofnuninni berast mikið af fötum sem sjálfbóðaliðar flokka og úthluta. Mesta eftirspurnin er eftir barnafötum, sérstaklega fyrir 5-12 ára. Að meðaltali koma um 12 fjölskyldur á viku.

Ómissandi sjálfbóðaliðar

Vikulega vinna 15-20 sjálfbóðaliðar við skráningar og greiningu umsókna, flokkun og úthlutun fata og fleira. Framlag sjálfbóðaliða er ómetanlegt og gerir Hjálparstarfinu kleift að veita þá þjónustu sem í boði er. Án þeirra væri starfið ekki eins öflugt.

Framtíðarsjóður

Framlögum úr Framtíðarsjóði Hjálparstarfsins fjölgaði á árinu. 129 ungmenni úr 18 sveitarfélögum fengu aðstoð vegna skólagjalda, bóka- og efniskostnaðar. Nokkrir fengu fartölvur þar sem þær voru skilyrði fyrir námi og aðstoðað var vegna gleraugnakaupa og lækniskostnaðar. Samtals námu styrkir rúmlega 4.5 milljónum króna. Þess má geta að þessi hópur skiptist á 25 framhaldsskóla. Helstu stuðningsaðilar sjóðsins eru Sorpa og einstaklingar.

Velferð barna

Á starfsárinu var lögð enn meiri áhersla á velferð barna á krepputímum. Um 410 börn fengu stuðning vegna skólabyrjunar að hausti 2011 í formi gjafabréfs í Office 1. 68 börn úr 19 sveitarfélögum fengu aðstoð til tólmstundaiðkunar eða sumargjöf. Allt árið hafa foreldrar getað fengið gjafakort í Hagkaup til að kaupa föt eða afmælisgjafir fyrir börn sín. Framlagi úr Velferðarsjóði barna var varið til að styrkja fjölskylduna og skapa góðar æskuminningar. Var farin sú leið að gefa sundkort og árskort í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn. Í samvinnu við Barnabros fóru hundruð barna og fjölskyldur þeirra í leikhús, bíó, út að borða, fengu góðgæti í skólinn og páskaegg.

Námssjóður fullorðinna

Hjálparstarfið miðlaði endurmenntunarstyrkjum til einstæðra foreldra eða



annarra sem standa illa fjárhagslega og félagslega. 12 manns sem eru ýmist í grunnnámi framhaldsskóla og stefna á sérnám eða í endurhæfingu hjá Hringssjá eða Janusi nutu góðs af. Miðað er við að styðja fólk sem ekki á rétt á styrkjum annars staðar frá. Helstu stuðningsaðilar þessa sjóðs eru Alcoa og Sorpa.

Lyf og lækniskostnaður

Á starfsárinu hélt áfram samstarf Hjálparstarfsins og Lyf og Heilsu sem fellst í lyfja-, gleraugnaaðstoð við skjólstæðinga og göngugreiningu. Fyrirtækið stofnaði lyfjasjóð sem bæði það, önnur fyrirtæki og almenn- ingur greiðir í. Rúmlega 2,9 milljónum króna var varið á starfsárinu. Stærstur hluti fór í lyfjaaðstoð. 60% þeirra sem fá lyfjaaðstoð eru aðrir en barnafólk. Varkárni er gætt í því hvaða lyf eru greidd til þess að koma í veg fyrir að fólk leysi út lyf sem það hyggst endurselja. Öll lyf eru greidd beint í lyfjaverslanir. Umdeilanlegt er hversu langt stofnun eins og Hjálparstarf kirkjunnar eigi að ganga á þessu sviði sem telja verður til verkefnis hins opinbera. Stuðningur vegna gleraugna er fyrst og fremst ætlaður börnum og ungmennum en einnig fullorðnum sem sækja nám með styrk frá Hjálparstarfinu. 10 börn og ungmenni fengu gleraugu á þessu starfsári.



Jólaaðstoð

Hjálparstarfið var með eigin jólaaðstoð þar sem þeir sem voru með inneignarkort gátu sótt um á netinu og nýir umsækjendur gátu eins og áður leitað til presta um allt land og á skrifstofu Hjálparstarfsins. 1.367 umsóknir bárust en að baki þeim eru um 4.100 eða 3 að meðaltali með hvert kort. Miðlæg skráning umsókna var með mæðrastyrksnefndum og Rauða krossdeildum í Hafnarfirði, Kópavogi, Garðabæ og Mosfellsbæ.

Þátttaka í nefnda- og hópastarfi um aðstoð innanlands

Samráðshópur um málefni utangarðsfólks

Eldey Huld Jónsdóttir félagsráðgjafi situr í samráðshópi um málefni utangarðsfólks fyrir hönd Hjálparstarfsins ásamt fulltrúum frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar, geðsviði Landspítala, Rauða krossi Íslands, lögreglunni, Samhjálp, Hjálpræðishernum og Fangelsismálastofnun. Samráðshópurinn vinnur að framþróun í þjónustu við utangarðsfólk og kemur með tillögur að úrbótum. Markmið hópsins er að bæta yfirsýn yfir þjónustu og annað sem snertir málefni utangarðsfólks og auka samvinnu milli ólíkra faghópa, stofnana og félagasamtaka. Einnig er markmiðið að finna leiðir til að veita þá grunnþjónustu sem öllum er nauðsynleg, til að byggja upp heilbrigðis- og félagsþjónustu við utangarðsfólk. Á árinu 2011-2012 var áhersla hópsins einkum á að efla samstarf þeirra sem koma að málefnum fólks á utangarðsskrá og þá einkum illa stadda innflytjendur í þessum hópi, einstaklinga sem búa við óásættanlegar aðstæður, eru framfærslulausir, ósjúkratryggðir, búa á götunni og eru oftast en ekki í mikilli áfengis og/eða fíkniefnaneyslu.

Velferðarvakt

Pegar kreppan skall á skipuðu stjórnvöld svokallaða Velferðarvakt. Vaktin er skipuð fagfólki úr ýmsum geirum sem vinnur náð með ólíkum hópum þjóðfélagsins. Nefndarmenn kynnast þannig frá fyrstu hendi áhrifum kreppunnar á landsmenn og beina tillögum til stjórnvalda um möguleg viðbrögð. Félagráðgjafi Hjálparstarfsins, Vilborg Oddsdóttir, er fulltrúi Biskupsstofu á Vaktinni. Haldnir voru 15 fundir á þessu starfsári og voru m.a. sendar ályktanir til þingmanna og sveitarstjórnarmanna um málefni barna. Þessar ályktanir og annað um starf Velferðavaktarinnar má lesa á heimasíðu félagsmálaráðuneytisins undir <http://www.felagsmalaraduneyti.is/velferdarvaktin/> .

European Anti Poverty Network á Íslandi

Félagráðgjafi Hjálparstarfs kirkjunnar, Vilborg Oddsdóttir, er formaður Íslandsdeildar EAPN, evrópskrar stofnunar gegn fátækt. Auk Hjálparstarfsins stóðu Öryrkjabandalag Íslands, Geðhjálp, Hjálpræðisherinn, Félag einstæðra foreldra, Samhjálp og Sjálfsbjörg að stofnun deildarinnar. Á þessu starfsári hafa tvenn ný samtök gegnið til liðs við EAPN, Bót (hagsmuna samtök þeirra sem lifa á bótum frá hinu opinbera) og Velferðasjóður Suðurnesja. Starf Íslandsdeildarinnar er enn í uppbyggingarfasa en þrátt fyrir það hefur deildin tekið þátt í starfi EAPN Evrópu t.d. með því að vera með erindi um ástandið á Íslandi og viðbrögð okkar við kreppunni á ráðstefnu í september 2011 sem bar yfirskriftina „Hver er leiðin út úr kreppunni“. Einnig voru í fyrsta skipti sendir fulltrúar frá Íslandi á Evrópufund þeirra sem búa við fátækt. Fjórir fulltrúar mættu á fundinn sem haldinn var í Brussel þar af þrír sem búa við fátækt. Tilgangur EAPN er að berjast gegn fátækt og félagslegri einangrun, hvetja til árangursríkra aðgerða gegn fátækt og að starfa með fátækum, kynna sjónarmið þeirra og stuðla að opinni umræðu um málefni þeirra sem búa við fátækt. Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að þrýsta á og kynna íslenskum og evrópskum stjórnvöldum og stofnunum leiðir til að þróa og beita árangursríkum aðferðum sem sporna gegn fátækt og félagslegri einangrun. Félagið er opið öllum félögum og félagsamtökum sem starfa innan þriðja geirans og grasrótarsamtökum sem hafa á stefnuskrá sinni að vinna að málefnum fátækra og félagslega einangraðra. Sjá nánar: www.eapn.eu

Velferð er annað og meira en peningar

Í janúar 2011 var haldinn stór vinnufundur með þátttöku hinna ýmsu samtaka sem eiga það sameiginlegt að vinna með og fyrir fátæka og/eða félagslega einangraða. Á þessum fundi var farið yfir hvað þyrfti til að breyta aðstæðum þeirra sem búa við fátækt og bent á lausnir. Skipaður var vinnuhópur til að vinna úr þeim hugmyndum sem komu á þessum vinnudegi. Vinnuhópurinn skipa fulltrúar frá Velferðasviði Reykjavíkurborgar, Háskóla Íslands, Reykjavíkurbíó RKÍ, Hjálparstarfi kirkjunnar og Þjóðkirkjunnar. Hópurinn vinnur að skýrslu með hugmyndum frá þessum degi og voru

frumdrög kynnt fyrir þátttakendum vinnufundarins í maí og verður skýrsla kynnt fyrir ráðamönnum og fjölmiðlum á haustdögum.

Aðilar að Almannaheillum

Hjálparstarfið á fulltrúa í stjórn Almannaheilla, regnhlífarsamtaka félaga sem vinna í þágu almennings. Í desember var haldið málþing í HÍ um sjálboðastörf í samstarfi við Fræðasetur Þriðjageirans. Almannaheill vinna að sameiginlegum hagsmunum frjálsra félagasamtaka. Sjá nánari upplýsingar á heimasíðunni www.almannaheill.is

Breytendur – Changemaker

Breytendur – Changemaker á Íslandi, er ungliðahreyfing Hjálparstarfs Kirkjunnar, studd af fræðsludeild kirkjunnar og Æskulyðssambandik kirkjunnar í Reykjavíkúrprófasdæmum. Breytendur eru hluti hinnar alþjóðlegu Changemaker hreyfingar, sem á rætur sínar að rekja til Noregs og starfar nú í Finnlandi, Ungverjalandi, Hollandi, Kenýa, Pakistan og víðar. Tilgangur Breytanda er að stuðla að betri heimi, sérstaklega með tilliti til stöðu þróunarríkja gagnvart iðnríkjunum. Starfið er tilboð til allra á aldrinum 13-30 ára sem vilja láta sig slík málefni varða.

Viðburðir

Einstakir viðburðir um stök áherslumál frekar en ein stór herferð réðu starfi Breytanda þetta árið. Annað árið í röð tók hreyfingin þátt í Landsmóti ÆSKP, sem nú fór fram á Selfossi. Á landsmótinu var safnað fé til styrktar fórnarlamba jarðskjálftans í Japan. Breytendur voru hluti af viðburði á Krónutorginu á Selfossi sem yfir 30 ungmenni tóku þátt í, ásamt presti innflytjenda, sr. Toshiki Toma og sr. Miyako Þórðarson, presti heyrnarlausra. Í októbermánuði höfðu Breytendur viðburð með yfirskriftinni „Íslenskt er umhverfisvænt“. Ætlunin með honum var að benda neytendum á að hægt er að velja um að menga minna með því að velja íslenska framleiðslu í matarkörfuna! Breytendur hafa áður látið sig neytendamál varða með vitundarvakningum um Fairtrade-vottaðar vörur, og fannst hópnum út frá umhverfissjónarmiði ekki síður mikilvægt að benda á að ekki þarf að flytja íslenskar vörur um langan veg. Þetta tvennt skarast að mati Breytanda ekki á, því þær vöruhegundir sem hljóta Fairtrade-vottunina (t.d. kaffi, te, ávextir, súkkulaði) er nær aldrei hægt að framleiða hér á landi. Hópurinn hittist við tjörnina í Reykjavík og fleytti pappírshátum til að vekja athygli á þessu.

Auk þess tóku Breytendur þátt í gjörningum á vegum annara, svo sem árlegri myndun Friðarmerkis á Klambratúni á fæðingardegi Mahatma Ghandi. Einnig áttu Breytendur þátt í hinni hefðbundnu Friðargöngu niður Laugarveginn á Þorláksmessu. Um hátíðirnar stóðu Breytendur einnig vaktina í gjafabréfa- og friðarljósasölu fyrir utan Kirkjuhúsið eins og hefð hefur skapast fyrir, og söfnuðu fyrir verkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar.



Kynningar og nýliðun

Eins og ávalt var stór hluti starfs Breytanda helgaður kynningum af ýmsu tagi. Bæði var farið inn í grunn- og framhaldsskóla sem og æskulýðsfélög, með mismunandi innlegg. Skilaði þetta nokkurri nýliðun. Farið var í framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu með misskiptingarleikinn svokallaða, höfðu Breytendur nú umsjón með þeim hluta lífsleiknisverkefnis Þjóðkirkjunnar. Auk þess var farið í bæði framhalds- og grunnskóla á þemadögum með almennari kynningu.

Eitt af markmiðum Breytanda er að færa út kvíarnar og bjóða ungmennum af landsbyggðinni upp á möguleikann á því að gerast Breytendur. Á síðasta starfsári var myndaður hópur á Akureyri. Einnig fóru Breytendur til Keflavíkur og tóku þátt í heilsdags námskeiði fyrir ungmenni á svæðinu og tóku á móti ungmennum úr Laufásprestakalli og kynntu fyrir þeim hugmyndir Breytanda. En betur má ef duga skal og sjá Breytendur sóknarfæri á þessum vettvangi.

Hópurinn í Grafarholti hélt áfram sínu starfi. Þar bar hæst þáttaka Andabandsins – hljómsveitar hluta hópsins í Æskulýðsmessum, og myndbandagerð, en innan hópsins eru færir kvikmyndagerðarmenn. Hópurinn samdi og lék í stuttri auglýsingu fyrir Fairtrade- vottaðar vörur sem þau birtu svo á netinu og stefna á frekari landvinninga á þeim vettvangi. Einnig hefur hópurinn kynnt sér verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Malaví, og verið í sambandi við þáttakendur þar, með það að augnamiði að heimsækja landið í framtíðinni.

Mótsferðir

Fjórða árlega Fjaðrafok Breytanda var svo haldið lok í mars 2012 að þessu sinni í Skátaskálanum í Lækjarbotnum. Nokkuð brottfall varð úr hópnum, en ekki skemmdi það fyrir orkunni í þeim sem eftir urðu. Á milli spila og skemmtiatriða var mikið rætt um komandi starfsár Breytanda sem búið var að helga mengunarmálum. Úr varð að hópurinn ætlar að berjast fyrir því að skurkur verði gerður í endurvinnslumálum á Íslandi, sérstaklega í Reykjavík. Teljum við að með því megi bæði spara sveitarfélögum fé og umhverfinu rask. Síðustu vikuna í júní sendu svo Breytendur í fjórða skiptið þátttakendur á SumarSNÚ í Noregi, sem er árlegt landsmót Changemaker hreyfingarinnar í Noregi. Í þetta skiptið ákváðu 5 ungmenni að fara, mörg hver úr virkasta kjarna hreyfingarinnar. Er þetta stærsti hópur sem hreyfingin hefur hingað til sent erlendis. Meðal verkefna sem hópurinn tók að sér til að safna upp í ferðakostnað var ruslatýnsla og námskeiðshöld, en talsverð orka og tími fór eðlilega í skipulagningu og söfnun fyrir ferðinni. Sem mun án vafa skila sér margfalt til baka, í endurnýjaðri orku og ferskum hugmyndum úr smiðjum systursamtaka. Einnig munu tveir fulltrúar frá Breytendum sitja alþjóðlegan fund Changemaker International í Finnlandi í september 2012.

Þróunarstarf

Hjálparstarfið styður verkefni í þremur löndum Afríku og tvö verkefni á Indlandi. Verkefnin á Indlandi styður Hjálparstarfið eingöngu með eigin framlögum en um Afríkuverkefnin hefur stofnunin notið stuðnings Þróunarsamvinnustofnunar til margra ára. En eftir því sem samningar hafa runnið út hefur PSSÍ ekki séð sér fært að endurnýja þá, vegna efnahagsástandsins á Íslandi. 2010 rann út síðasti samningurinn, um Eþíópíu. Samningar um Úganda og Malaví höfðu áður runnið út en Hjálparstarfinu tókst að styðja þau áfram um sinn hluta og jafnvel betur. Ný skipan stjórnvalda um samstarf við frjáls félagasamtök sem sinna þróunarsamvinnu er komin á. Umsóknir um stuðning við neyðar- og þróunarverkefni fara nú í gegnum Utanríkisráðuneytið. Yfirvöld hafa komið á sérstökum fjárlagalið í fjárlögum sem er eyrnamerkur stuðningi við frjáls félagasamtök og heita auknum stuðningi á komandi árum eftir samdráttar skeið. Sem er vel. Ráðuneytið veitti á starfsárinu stuðning við þróunar- og neyðarverkefnið í Eþíópíu, enda eru þurrkar og vatnsskortur þar mikill sem kallar á neyðaraðstoð og aðgerðir sem draga úr hættu á hamförum.

Indland

Hjálparstarf kirkjunnar styður tvenn samtök á Indlandi með tvíhliða samningum, Social Action Movement í Tamil Nadu-fylki og United Christian Church of India í Andhra Pradesh. Samtals var varið 24,9 milljónum króna til þessara verkefna.

Mannréttindasamtökin Social Action Movement

Hjálparstarf kirkjunnar hefur stutt mannréttindasamtökin Social Action Movement (SAM) í Chennai á Indlandi frá árinu 1988. Þau hafa unnið einstakt brautryðjendastarf meðal stéttlausra á Indlandi sem búa við gríðarlega skert mannréttindi. Starfið er fjölbætt, heildstætt og þaulhugað og snýr að réttindabaráttu og menntun meðal barna og fullorðinna.

Forskólar

Hjálparstarf kirkjunnar styður 8 forskóla hjá SAM. Börnin, 2-5 ára, eru börn þvottamanna eða frumbyggjaættbálka. Þetta eru allra lægst settu þegnarnir í samfélaginu. Börn þeirra þurfa sérstaka athygli og aðstoð til að spjara sig í rígnjörvaðri stéttaskiptingu samfélagsins. Markmið forskólanna eru að forða börnum frá skaðlegum áhrifum sem þau verða fyrir á heiluspillandi vinnustöðum foreldra sinna en foreldrar hafa ekki önnur úrræði en að taka þau með. Það gera samtökin með því að reka forskóla fyrir börnin. Þar læra börnin og foreldrar þeirra að mikilvægt er að sækja skóla reglulega, vera stundvís, gæta hreinlætis og vera sæmileg til fara. Skólagangan gefur börnunum forskot sem nýtist þeim þegar þau koma í almenna skóla. Í forskólunum fá þau einnig nægan og næringarríkan mat, eru bólusett og eru undir eftirliti hjúkrunarfræðings. 150 börn voru skráð í forskólana. Þá höfðu 27 úr fyrri árgangi verið tekin inn í almenna skóla og 25 ný börn



komið inn. Öll börnin fengu skólabúninga sem foreldrar og börn eru mjög stolt af. Bætt var við kennslugagnakost skólanna í vetur. Mikið er kennt í gegnum leik, söng og hlutverkaleiki. SAM skipulagði námskeið til þess að bæta sífellt þekkingu og færni kennaranna. Á foreldrafundum veita starfsmenn þeim fræðslu og stuðning. Eldri börn úr hópi þvottamanna og frumbyggja fengu að dvelja þrjá daga í sumarbúðum á vegum SAM. Tilgangurinn var að byggja þau upp áfram og styrkja, þótt þau væru nú komin í efri bekki almennra skóla. Þau fengu leiðsögn í námstækni og tímastjórnun, brýnt var fyrir þeim að sýna eldra fólki og kennurum virðingu og þau fengu enskukennslu á nýjan hátt. Sálfræust þeirra gagnvart börnum af öðrum stéttum var styrkt, kennt var um félaglegar hliðar stéttaskiptingarinnar til að auka skilning þeirra á stöðu sinni og fjölskyldna þeirra.

Kvöldskólar og frelsi undan ánauð



Nú rekur SAM 6 kvöldskóla sem um 200 börn sækja, í og við borgina Kanchipuram. Í kvöldskólana koma börn stéttlausra sem vinna langan vinnudag og dvelja þar um tvo tíma á dag. Þar kynnast þau öðrum börnum í sömu sporum, læra um réttindi sín og samtakamátt gegn þeim sem brjóta á réttindum þeirra. Þau fá að leika sér og vera börn og um leið eru þau búin undir skólagöngu í opinberum skólum. Það er lokamarkmiðið; að borga skuld þeirra, koma þeim inn í almennt skólakerfi og þaðan að beina þeim inn á þær brautir í lífinu sem hugur þeirra stendur til. 31 barn var leyst úr ánauð á árinu og komið í skóla. Börnunum er öllum vel fylgt eftir, bæði í kvöldskólunum og í almennu skólunum. Þau fá heilmikla kennslu til að búa sig undir að fara aftur í skóla og þau sem þangað eru komin geta leitað aftur í kvöldskólana til að fá aðstoð við heimanám. Börnunum er kennt að spara til að eiga fyrir útgjöldum svo sem skólabókum. Mikið er lagt upp úr því að styrkja sjálfsmynd barnanna og rækta góða eiginleika þeirra.

Sumarbúðir, námskeið og fundir

Hvatningarnámskeið var haldið fyrir 30 ný þrælaborn sem starfsmenn SAM höfðu upp á. Því er ætlað að fræða börnin um að þau ættu lögum samkvæmt að vera í skóla og bannað væri að ráða börn til vinnu eins og þau ynnu. Með því að segja þeim frá skólastarfi og mikilvægi menntunar vaknar áhugi þeirra á að segja skilið við þrælkunina og fara frekar í skóla, fái þau til þess aðstoð. Þessir fundir eru þeim algjör uppljómun, þau vita ekkert um gildi menntunar og ímynda sér varla að þau geti átt aðra framtíð fyrir sér en að vinna í þrældómi. Foreldrar koma oft með á svona fundi sem er ekki síður mikilvægt því þau eru lykill að því að styðja börnin sín í þessu ferli sem tekur við ef þau fara í kvöldskólana.

Sumarbúðir voru haldnar fyrir 50 þrælaborn sumarið 2011. Markmið þar var það sama og alltaf – að fræða börn um rétt þeirra og hvetja þau og hjálpa til að komast í skóla. Alltaf er áhersla á leik og léttar aðferðir til að miðla upplýsingum og nýrri færni því börnin hafa annars aldrei tíma til að leika sér. Þau læra um menningu síns þjóðfélagshóps, hættur á vinnustöðum, læra að þekkja sjálf sig og greina hæfileika sína og þau eru hvött til að

elska og virða foreldra sína um leið og foreldrar eru eflir í uppeldishlutverki sínu.

Skólstyrkir voru veittir við hátíðlega athöfn. SAM styrkir öll börn á sínum vegum með sömu upphæð og þau hafa sjálf lagt fyrir í gegnum kerfi SAM. Þetta er þeim og fjölskyldum þeirra mikil hvatning og stuðningur. Fulltrúar stjórnvalda voru viðstaddir en SAM hefur með aðgerðum sínum orðið til þess að efla aðgerðir stjórnvalda gegn barnaþrælkun.

Barnaþing

Á barnaþingum SAM læra börnin hvernig lýðræðisþjóðfélag virkar og þau mótast sem framtíðarleiðtogar. Þannig læra þau leiðir til að berjast fyrir rétti sínum. Barnaþingin eru haldin vikulega á fjölda staða. Börnin kjósa sér þingmenn og ráðherra fjölbreyttra málaflokka, frá innaríkisráðherra til íþróttaráðherra. Um leið er farið í fundarsköp, hvernig landsþingið starfar, hvernig kosningar fara fram og allt annað sem mikilvægt er í meðferð mála í lýðræðisríki. Málín sem þau fjalla um eru þeim huglæg. Það geta verið vandamál tengd skólanum, heimilum þeirra eða eitthvað sem mætti betur fara í nærsamfélaginu. Börnin eignast fyrirmyndir í leiðtogum landsins, lífandi og látnum, sem hafa skipt sköpum í baráttu stéttlausra. Þau læra að skrifa skýrslur og greinar í blöð. Þau þjálfast í einbeitingu, rökhugsun og í að taka ákvarðanir. Samhliða reglulegu þinghaldi voru haldin sex námskeið þar sem farið var dýpra í ákveðin efni s.s. kvenréttindi, lög og reglur sem gilda um börn og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Við þetta öðlast börnin meira sjálfstraust, fá mótvægi við því að sífellt er verið að brjóta þau niður sakir stéttleysisins. Listahópar fá kennslu í dansi, leiklist og brúðuleik sem börnin nýta til að miðla boðskapnum úti á götum til almennings. Það er vinsæl fræðsluleið, bæði grín og alvara.

Starfsnám

SAM stendur fyrir starfsnámi. 75 nemendur, sóttu tölvu og vélritunarnámskeið. Góð færni á þessu sviði eykur líkur á skrifstofustarfi. Áhersla er lögð á tengsl við atvinnulífið og að búa nemendur undir að sækja um störf. Einu sinni í mánuði eru starfsmöguleikar ræddir, fyrirtæki í bænum kynnt og hvaða störf geti mögulega verið í boði að námi loknu. Einnig fá nemendur hjálp við að finna önnur námskeið sem gætu hjálpað þeim á leiðarenda. Kanchipuram er að vaxa sem iðnaðarbær og nóg er af störfum.

Námsstuðningur

SAM veitir nemendum úr hópi dalíta, á öllum skólastigum, námsstuðning. SAM hefur efnt til samstarfs við fjölda kennara í almenna skólakerfinu. Leikhópar sýna stutta fræðsluleikþætti úti í þorpunum. Það er alltaf árangursrík leið til að fræða bæði börn og ólæsa þorpsbúa. Fjallað er um gildi menntunar til að vinna sig út úr fátækt, mikilvægi ástundunar til að ná árangri og stuðning sem SAM veitir. Keppt var í ræðuhöldum og spurningum, kenndir voru dansar og söngvar úr arfleið dalíta þar sem hæfileikar

barnanna fengu að njóta sín. Slakir nemendur í 10. og 12. bekk fengu stuðningskennslu til að ná prófum.

Stéttarfélag kvenna

Stéttarfélag kvenna er eitt elsta stéttarfélagið sem SAM kom á laggirnar og eitt það öflugasta með tæplega 2.500 félagskonur. Stéttarfélagið stendur fyrir námskeiðum um menntun ungra kvenna og fyrir nýja félag. Markmiðið er að efla konur með mismunandi aðferðum. Mikil fræðsla fer fram um stöðu kvenna, þjóðskipulagið, lög og rétt, og þann órétt sem þær eru beittar í daglegu lífi og heftir framgang þeirra. Farið er með mæðrum og stúlkum yfir helstu pytti sem stúlkur steypast í og hvernig megi afstýra því. Margir foreldrar vilja frekar að börnin vinni fyrir svolitlum tekjum, frekar en engum. SAM vinnur gegn þessu. Stúlkur eru oft giftar án síns samþykkis, allt of ungar. Missi þær eiginmenn sína er þeim útskúfað en ekkar mega gifta sig aftur og eiga sér líf þrátt fyrir makamissi. Konur fá lægri laun en karlar, SAM segir meirihluta kvenna vannærðan og þess vegna máttlíttinn, og lengi má telja. Á námskeiðum stéttarfélagsins eru kynntar fyrirmyndir, innlendar og erlendar, og stúlkur og konur hvattar og þeim kennt að setja sér markmið, stefna hátt og vera þrautseigar. Konurnar læra að móta sér stefnu innan stéttarfélaganna, skrifa áskoranir til stjórnvalda, tala á fundum og standa fyrir máli sínu gagnvart opinberum starfsmönnum. Farnar voru kynnisferðir í önnur héruð til að kynnast starfi kvenna þar. Stéttarfélagskonur spara reglulega og veita lán úr sjóði sínum en fátækir eiga ekki kost á því annars staðar.

Stéttarfélag frumbyggja

SAM stofnaði til stéttarfélags frumbyggja til að þess að þeir ættu auðveldara með að sækja rétt sinn til hins opinbera. Félagar eru tæplega 700. Frumbyggjarnir hafa um aldir lifað hirðingjalífi en aðstæður til þess versna með auknum mannfjölda og landþrengslum. Að mati SAM þurfa frumbyggjar að taka sér fasta búsetu til þess að geta sent börnin sín í skóla, skipulagt baráttu sína í verkalyðsfélögum og notið réttinda sem hið opinbera býður aðeins félagsbundnu fólki. Félag frumbyggja heldur námskeið um mannréttindi. Meginmarkmið félagsins er að ná til þeirra sem eru ánauðugir í vinnu, vekja þá til vitundar um stöðu sína og hjálpa þeim að greiða skuldir og losna. Efni námskeiðanna er sveigt að markhópnum hverju sinni, ungu fólki, konum og blönduðum hópum. Fagfólk er fengið til fræðslunnar og hamrað er á því sama aftur og aftur. Þótt fólk hrifist með hefur aldalöng kúgun, mann fram af manni, gert fólk undirgefið og hlédrægt. Að mennta börnin er grunnatriði, halda sig frá lánum gegn vinnu þegar fólk hefur verið leyst úr ánauð, læra á lög og reglur og leiðir til að ná fram kröfumálum sínum, efla sjálfstraust, allt eru þetta mikilvæg langtímamarkmið tekin í smærri skrefum. Fólkið er hvatt til að leita sér annarrar vinnu en í múrsteinagerð, sykurmýllum og steinnámum sem allt er erfiðisvinna við heilsuspillandi aðstæður. Á hverju ári eflist fólk og fleiri verða færir um að taka þátt í kröfugöngum, reka mál á opinberum skrif-

stofum og mótmæla órétti. Leiðtogar fengu fræðslu um þjónustu hins opinbera, styrki og tryggingar sem standa fólki til boða og í að leiða starf verkalýðsfélaga. Einn hluti þess er að skipuleggja kröfugöngur. Ungt fólk í félögum fékk fræðslu um góðar fyrirmyndir úr sínum þjóðfélagshópi.

Stéttarfélag þvottamanna

Þvottafólk er lægst sett allra í flóknu og rammgerðu stéttakerfi Indverja. SAM hóf starf á meðal þeirra til þess að efla með þeim samtakamátt í gegnum verkalýðsfélög. Opinbera kerfið gerir ráð fyrir aðild fólks að stéttarfélagum og veitir þeim ýmis réttindi í gegnum þau. Þeir sem hafa staðið fyrir utan félög hafa því farið á mis við þau. Stéttarfélag þvottamanna sem í eru 341 félagi, stóð fyrir fjórum námskeiðum á starfsárinu í samvinnu við SAM. Voru það mannréttindanámskeið og þjálfun fyrir gamla og nýja félagsmenn. Rauður þráður er fræðsla um stöðu stéttlausra og sér í lagi þvottamanna, lög, rétt og leiðir út úr fátækt. Mikil áhersla er lögð á að þvottafólk standi hart á því að þiggja ekki mat að launum fyrir vinnu heldur fái greitt í peningum. Ein þvottafjölskylda má sín lítils í því en taki nokkrar sig saman, með SAM að bakhjarli, gengur það betur. Þá verði stéttlausir að standa saman sem baráttueining og láta rígr lönd og leið þótt mismunandi undirstéttir séu innan þeirra vébanda. Fullorðnum og börnum er gerð grein fyrir því að menntun ungu kynslóðarinnar sé eina leiðin til að ná viðvarandi árangri í baráttunni. Í gegnum sjálfshjálparhópa stéttarfélagsins styrkir fólk hvert annað og hvatt var til stofnunar fleiri slíkra hópa. Þar miðlar fólk reynslu og hvatningu meðal annars til að leita annarra starfa en þvotta. Með fræðslu SAM og stuðningi, þorir þvottafólk æ meir að takast á við opinbera starfsmenn og krefjast réttar síns. Kraftþvottahúsið (Power Laundry), sem félagið rekur, gengur vel. Allir eru búnir að læra vel á þvottavélarnar og fyrirtækið er rekið á sléttu. Þvottahúsið auðveldar þvottafólki vinnuna, gerir því kleift að vinna sjálfstætt fyrir fleiri og færir það nær tæknivæddum nútímanum.

Leyst úr þrælavinnu

Undanfarin ár hefur SAM unnið með hópi fólks sem vann þrælavinnu í einangraða þorpinu Arpakkam. Fólkið vann í steinnámu og var ekki hleypt út af svæðinu. SAM fékk vísbendingu um þetta og í kjölfarið var fólkið leyst úr ánaud og fjölda náma í nágrenninu lokað þar sem þær höfðu ekki starfsleyfi. Við tók að byggja fólkið upp og gera því kleift að vinna fyrir sér á annan hátt. Á þessu ári fékk fólkið margvíslega fræðslu á námskeiðum og stuðning. Áherslan er á mannréttindi, heilsu, þjálfun til að geta sótt um önnur störf og svo auðvitað skólagöngu barnanna. Mannréttindi þessa hóps hafa verið lítilsvirt og sjálfsögðustu mál fást seint og illa í gegn. Til dæmis þurfa allir íbúar Indlands að eiga persónuskilríki sem meðal annars gefa þeim réttindi í kerfinu. Til að fá þessi skilríki, staðfestingu á því að fólk eigi sinn jarðskika til að byggja sér hús, afsláttarkort til að kaupa nauðsynjar og fleira sem hið opinbera gefur út, þarf hins vegar hvert bænaskjalið á fætur öðru til yfirvalda. Æðri stéttir stunda það að taka land af þessum hópi, hirða kofana þeirra eða eyðileggja. Ekkert fæst án þess að

múta. Því hefur fólk ekki efni á. SAM neitar að múta en styðst við lög sem eru til þótt ekki hafi skapast hefð fyrir því að fylgja þeim. SAM hefur leyst fjölda fólks úr ánauð og það þarf stöðuga hvatningu til að halda sér frá lánum eða fyrirframgreiðslu launa svo það lendi ekki aftur í ánauð. Lífið verður síður en svo auðveldara að fengnu frelsinu. Alls staðar eru vindmyllur. En SAM veitir alla mögulega aðstoð, starfsmenn samtakanna herja á opinberar skrifstofur, fá opinbera starfsmenn, oft hátt setta, til að koma á vettvang og kynna sér málin af eigin raun. SAM veitir lögfræðiaðstoð og nýtir fjölmiðla til að vekja athygli á seinagangi stjórnvalda. Fólkið í Arpakkam þarf einnig mikla fræðslu um heilsufar og heilbrigðisþjónustu, einkum konur vegna barnsburðar. SAM rekur forskóla fyrir börnin á þessu svæði og mikinn áróður fyrir því að foreldrar sendi börnin í almenna skóla en taki þau ekki með á vinnustað. Sérstaklega eru steinnámurnar hættulegar börnum, egghvasst grjót, sprengingar og steinryk.

Umhverfisvernd

SAM hefur haldið áfram baráttu sinni fyrir verndun vatns, til drykkjar og jarðræktar. Samtökin segja stjórnvöld í Tamil Nadu-fylki einstaklega áhugalaus um þróun vatnsmála, ólíkt nágrannaríkjum. Þar til fyrir um öld síðan var jafnt rennsli í stóru ám svæðisins en hefur það nú breyst þannig að mest er á tímum monsunrigninga og mun minna annars. Áin Palar hefur verið í brennidepli baráttunnar enda hefur hún séð stórum hluta Tamil Nadu-fylkis fyrir vatni um aldir. Þurrir árfarvegir hafa opnað stjórnvöldum og einkafyrirtækjum leið til sandnáms. Alþjóðafyrirtæki á svæðinu eru stórir kaupendur. Við þetta nær vatn ekki að síga í gegnum sandinn og bindast jarðvegi heldur rennur stærri hluti þess burt til sjávar. Grunnvatnsborð hefur lækkað og sjór þrengt sér inn sem hefur eyðilaggt jarðveg og gert vatn ódrykkjarhæft. Ofnotkun stórfyrirtækja í landbúnaði og gosdrykkjaframleiðenda hefur einnig dregið úr vatnsframboði. Bændur hafa misst lífibrauð sitt, afkomu fólks verið ógnað og mannréttindabrot framin til að vernda viðskiptahagsmuni. SAM hélt áfram andófi gegn þessu með viðvarandi þrýstingi á stjórnmalamenn, samvinnu við verkfræðinga og aðrar hjálparstofnanir. SAM vill fá stíflur í ána til að auka stöðugleika og endurnýjun grunnvatns, að fyrirmynd nágrannaríkjanna.

Sparnaður og lán

Einn þáttur í starfsemi stéttarféлага SAM er að kenna fólki að spara. Þegar sparnaður nær ákveðnu marki má veita lán á minniháttar vöxtum, til atvinnusköpunar eða einkaþarfa. Nú hefur þessi sparnaður verið sameinaður í Fólksbankann. Hátt í 4000 manns leggja inn í bankann og fram að þessu hafa um 200 fengið lán. Þau hafa orðið til að auka fólki þor og trú á hæfileika sína til að skapa sér atvinnu og komast áfram í lífinu. Sérstaklega hefur bankinn aukið möguleika kvenna. Fólkið á ekki kost á almennri bankaþjónustu sakir fátæktar.

Sameinaða indverska kirkjan

Skólastarf og heimavist

Sameinaða indverska kirkjan, United Christian Church of India, í Andhra Pradesh-fylki hefur starfað í um aldarfjórðung að því að hjálpa fátæku fólki og börnum þeirra með skólastarfi á nokkrum stöðum, spítalarekstri og matargjöfum. Hjálparstarfið hefur stutt samtökin nær allan þann tíma með því að kosta börn í skóla samtakanna og á heimavist, með stöku stuðningi við spítalann og af og til kostað byggingu og viðhald. Hjálparstarfið er einn stærsti styrktaraðili samtakanna. Á þessu starfsári styrkti Hjálparstarfið, með stuðningi fósturforeldra, alls 489 börn í þremur skólum UCCI. 369 börn voru styrkt til náms og dvalar á heimavist. 44 börn og unglingar sóttu skóla en bjuggu heima. 231 börn eru í grunnskóla en 214 börn í framhaldsskóla. Hjálparstarfið greiðir hluta launa átta kennara til að hjálpa til við að halda í reynda kennara sem gætu freistast af betur launuðu starfi annars staðar.

Börnin eiga öll sameiginlegt að hafa búið við algjöra örþing og mörg þekkja þrælavinnu í grjótnámum, á tehusum, við vefnað, á verkstæðum, í múrsteinagerð og fleiru við ómannúðlegar aðstæður. Flest börnin eru á Emmanúelskólanum í þorpinu Kethanakonda. Nokkur eru í Janet English Medium School, yngrideildaskóla á sama stað, þar sem kennt er á ensku og loks styður Hjálparstarfið ungmenni í iðn-/verkbjálfunarskóla samtakanna. UCCI býður upp á tvö fyrstu ár framhaldsnáms á staðnum. Í gegnum samtökin er hægt að styðja ungmenni áfram til náms í öðrum skólum. Emmanúelskólann sækja alls um 700 heimavistarnemendur á aldrinum 5-17 ára. Skólinn er viðurkenndur og fylgir námsskrá fylkisins. 22 kennarar eru við skólann. Kennt er á telugu, máli héraðsins. Skólahús eru hreinleg með helsta skólabúnaði þótt ekki allar stofur séu búnar bekkjum og borðum. Kemur á mótí hvað þjóðin er vön að athafna sig á gólfínu. Sérútbúnar stofur eru fyrir náttúru- og eðlisfræði. Lóð er snyrtileg með nægt rými til leikja. Á heimavistum sofa börnin í kojum eða á dýnum á gólfínu. Þau eiga hvert sinn kistil til að geyma eigur sínar. Vegna fjölgunar nemenda hefði þurft að stækka heimavistir en fjárskortur hefur komið í veg fyrir það. Í skólanum fá börnin þrjár máltíðir á dag og eftirmiðdagskaffi. Þess er gætt að máltíðir séu vel samsettar af nauðsynlegum næringarefnum. Börnin matast sitjandi í beinum röðum á gólfínu og nota eigin disk sem þau þvo og gæta milli mála. Eftirlit er með heilsu barnanna á spítala samtakanna. Vari veikindi lengur en 3-4 daga eru börn þó send heim í umsjá foreldra sinna. Fá börnin send lyf með sér heim. Verði slys er hlúð að viðkomandi á spítala samtakanna en eftir það eru börn send heim meðan þau eru að ná sér að fullu. Þannig er sjúkrakostnaður að mestu greiddur. Börnin fá fatnað og skóladót á hverju ári. Tíu starfsmenn auk kennara eru við skólann til að sinna börnunum utan kennslu. Þeir kenna umgengni, hjálpa við heimalærdóm og undirbúning fyrir próf, kenna um samfélagslegar skyldur og fleira. Þeir veita grunnráðgjöf og stuðning þótt ekki sé um faglega sálfræði- eða félagsráðgjöf að ræða. Mikið er um dans, söng, leiki og leiklist. Trúarlíf er áberandi við skólann, enda samtökin

kristileg. Þó er haldið upp á ýmsar hátíðir hindúa og engin skilyrði eru um að börn gerist kristin í skólanum né er valið inn í skólann á forsendum trúar. Foreldrar koma og biðja um skólavist fyrir börnin. Einnig sækja þorpsleiðtogar og aðrir um pláss fyrir hönd bágstaddra fjölskyldna.

Fósturforeldrar

Hjálparstarfið tryggir greiðslur fyrir ákveðinn fjölda barna og leitar svo til styrktarmanna um framlög. Þetta er gert til þess að styrktaraðilar þurfi aldrei að ákveða hvort barn kemst í skóla og heldur ekki að bera ábyrgð á því að barnið verði sent heim þurfi þeir að hætta stuðningi. Þetta fyrirkomulag tryggir stöðugleika í skólagöngu barnanna. Fósturforeldrar fá árlegar upplýsingar um námsárangur, nýja mynd og jólakveðju. Þeir geta skrifað barninu og sent því smágjafir. Börnin eru þó fæst orðin svo góð í ensku að þau geti svarað frá eigin brjósti fyrr en þau eru orðnir unglingar. En menntun býr með börnunum það sem eftir er og hefur margvísleg áhrif á möguleika þeirra og ákvarðanir í lífinu sem munu hjálpa þeim til að lifa farsælla lífi en ella. Vakin er athygli á því að þótt Indverjar sem þjóð, hafi búið við góðan hagvöxt og séu að mörgu leiti mjög framarlega í samfélagi þjóðanna þá er þar gríðarleg stéttaskipting og mismunur sem ekki hefur tekist að leiðrétta. Um 200 milljónir manna tilheyra hinum stéttlausu eða ósnertanlegu. Þetta fólk hefur ekki notið góðs af meiri hagvexti og er markhópur aðstoðar Hjálparstarfsins.

Eþíópía

Heildarféarmagn til verkefnis Hjálparstarfs kirkjunnar í Eþíópíu um tryggara lífsviðurværi íbúa í Jijiga-hérði nam á árinu 2011, 260.000 USD. Verkefnið er til þriggja ára 2011-2013 en þó með fjárhagsskuldbingu eingöngu til árs í senn. Framkvæmdaraðili er Lútherska heimssambandið og Eþíópíska evangelíska Mekane Yesus-kirkjan. Markmið verkefnisins er að ná til 46.500 manns í 14 „kebeleum“ eða þorpsklösum. Fjögur kebele eru ný innan verkefnisins. Miklir þurrkar hafa verið á svæðinu og þurfti á síðasta ári að veita neyðaraðsoð samhliða verkefninu. Markmið eru fimm og snerta vatn, jarðrækt, réttindi kvenna, heilsufar og samvinnu við stjórnvöld.

1. Að tryggja íbúum aðgang að hreinu vatni til neyslu, ræktunar og skepnuhalds.

Á síðasta ári voru haldnir 42 samráðsfundir í öllum kebeleum, með íbúum og opinberum starfsmönnum. Tilgangurinn var að skipuleggja vatnsöflun og virkja alla til samvinnu og fræða um hreinlæti t.d. um notkun kamra og hvar ætti að staðsetja þá. Hefðbundin vatnsöflun á þessum slóðum er þannig að fólkið grefur djúpar og víðar þær sem kallaðar eru birkur og í þær rennur yfirborðsvatn á rigningartímanum. Þærnar eru stærrí en fólk var vant að gera og dugar vatnið í 3-4 mánuði í stað 2-3. Grafnar voru 2



birukur í tveim af nýju kebeleunum. Í hverju þorpi er þriggja manna vatnsnefnd. Stofnaðar voru 5 nýjar vatnsnefndir. Nefndarmenn lærðu um nýtingu vatnsauðlindarinnar, fengu þjálfun og verkfæri til vinnunnar. Vatnsnefndirnar sjá um viðhald birknanna og fræða og styrkja þorpsbúa í breyttum hreinlætisvenjum. Í samstarfi við opinbera starfsmenn fengu 30 meðlimir vatnsnefnda frá 10 kebeleum 5 daga námskeið þar sem þeir fengu enn frekari fræðslu og þjálfun í varðveislu vatnsauðlindarinnar, leiðtogaþjálfun, hvernig hafa áhrif og móta samfélög og leiða hópa. Bæði gegnum verkefnið og opinbera starfsmenn geta íbúar keypt hreinsitöflur. Þær eru nýjung og sífellt betur gengur að fá fólk til að nota þær. Fjöldi fólks segir frá góðri reynslu sinni af þeim og minni veikindum í fjölskyldunni. Með tilkomu birknanna verja konur og stúlkur minni tíma í að sækja vatn, tími gefst til annarra tekjuskapandi starfsemi um leið og heilsa batnar og kraftur til vinnu verður meiri. Samhliða birkunum voru gerðar sérstakar þrær fyrir skepnur sem hefur dregið mjög úr sjúkdómasmiti af þeirra völdum.

2. Að styrkja landbúnað; jarð- og búfjárrækt og vernda auðlindir.

Árangur næst með samvinna og samábyrgð á framkvæmd þróunarverkefna. Samráðsfundir íbúa, opinberra starfsmanna og starfsmanna verkefnisins um jarðrækt og skepnuhald voru 54 árið 2011. Þar var tekið á málum sem íbúar töldu mikilvæg, séð til þess að sameiginleg sýn styrði aðgerðum og að öllum væri ljóst hvaða hlutverki hver og einn ætti að gegna. Til að minnka vinnuálag og minnka magn uppskeru sem fer til ónýtis voru kynntar til sögunnar nýjar handknúnar þreskivélar. 25 bændur tóku þátt í námskeiði um notkun þreskivélanna, flutning og örugga geymslu á uppskerunni. Ætlunin var að framleiða 25 stk. en vegna mikilla hækkana á hráefni í vélnarar dugði fjármagnið aðeins í 5 sem var dreift í jafnmörg keble. Þær eru góð byrjun og opna nýja möguleika. Nýju þreskivélarnar sýndu fram á að uppskera af 1 hektara sem áður tók 20 manns heilan dag að þreskja gátu 4 manneskjur klárað á 4 klukkutímum. 40 bændur fengu kennslu í í betri aðferðum við ræktun og sjálfbærri nýtingu auðlinda. Lagðir voru 18 km af steinveggjum til að stöðva yfirborðsvatn og binda jarðveg. Farið var með bændum yfir árstíðabundin verk s.s. að undirbúa jarðveg fyrir sáningu, að sá á réttum tíma, að safna vatni, meðferð illgresis, þreskingu, geymslu afurða og fleira. Þeir fengu bæði fræ þurrkaþolnari og fljótsprotnari tegunda og ný tól. Þar á meðal var ný tegund plóga fyrir þurrar aðstæður. Framfarir hafa orðið í ræktun sem skila meiri uppskeru og betri nýtingu á henni. Bændur nýta einnig tímann betur milli uppskeru og sáningar en áður og vinna sér í haginn. 50 bændur tóku þátt í námskeiði um uppgræðslu beitilands og öflun heys.

22 bændur fóru í vettvangsferðir til að víkka sjóndeildarhringinn. Þar sem sjúkdómar og sníkjudýr eru helstu vandamálin og framleiðni lág á svæðinu voru haldnir fundir þar sem 250 íbúar fengu fræðslu um dýra-sjúkdóma og varnir gegn þeim. Þar var einnig upplýst um þjónustu sem 156 dýralæknaliðar veita. Þeir voru þjálfaðir í gegnum verkefnið og fengu



nauðsynleg tól og tæki, þar af voru 14 þjálfaði á síðasta ári. All nokkuð hefur dregið úr sjúkdómum og skepnufelli við þessar aðgerðir. Til að auka líkur á sjálfbærni í verkefninu er samstarf við opinbera starfsmenn og samþætting við áætlanir héraðsfirvalda mikil. Til að sporna við skógar-eygðingu voru settar á laggirnar ræktunarstöðvar þar sem ræktaðar voru mismunandi tegundir græðlinga. 13.365 græðlingum var plantað í 12 kebeleum á árinu 2011.

3. Að styrkja efnahag og réttindi kvenna.



42 fræðslufundir voru haldnir til að hvetja til þess að konur yrðu virkir þátttakendur í framþróun svæðisins. Þeim var einnig ætlað að vekja og viðhalda umræðu um skaðlegar hefðir eins og umskurð kvenna, HIV/alnæmi og gildandi lög sem varða konur og börn. Vart hefur orðið viðhorfabreytinga til hins betra meðal annars í aukinni þátttöku kvenna í fundum þorpsbúa og með starfsmönnum verkefnisins. Einnig fjölgar sífellt konum sem skrá sig á námskeið og taka upp eigin atvinnurekstur sem hvort tveggja bendir til meira sjálfstæðis þeirra. 84 konur tóku þátt í námskeiði í betri heimilisrekstri s.s. um geymslu matar og vatns, hreinlæti í og umhverfis kofann og fleira. Þær lærðu að búa til sparhlóðir fyrir eldamenskuna sem sparar eldivið, tímann sem fer í að finna hann og hlífir umhverfinu. 200 konur sóttu námskeið í að greina atvinnutækifæri, um mikilvægi sparnaðar, endurgreiðslu lána og að auka viðskipti og færa út kvíarnar þegar þar að kæmi. Þar sem fátækir hafa yfirleitt ekki aðgang að lánsfé eru möguleikar þeirra til að skapa sér atvinnu og auka tekjuöryggi sitt mjög takmarkaðir. Þess vegna veitir verkefnið lán og það fengu 116 konur á síðasta ári. Lán er veitt eftir ákveðið sparnaðartímabil kvennanna. 3-5 mánuðum eftir að lán er veitt byrjar endurgreiðsla og á að ljúka innan árs frá fyrstu endurgreiðslu. Þær skipuleggja sig í hópa og er hver og einn samábyrgur fyrir láni allra í hópnum. Samt er hver kona með sitt verkefni. Þetta tryggir betur stuðning innbyrðis og er hvetjandi til að standa í skilum. 28 konur voru þjálfaðar til að verða ráðgjafar á sínu svæði (woman credit facilitators). Hlutverk þeirra er að veita ráð varðandi sparnað, eindurgreiðslu, bókhald og rekstur.

4. Að bæta heilsu íbúa með sérstöku tilliti til HIV/alnæmis.

Samfélagið allt líður fyrir alnæmisveiruna þar sem það eru þeir sem standa undir atvinnulífinu sem veikjast. Því er það stór þáttur í verkefninu að fræða fólkið og draga úr áhættuhegðun. Haldnir voru fræðslufundir sem alls 1.645 tóku þátt í. Farið var í mikilvægi þess að bjóða upp á HIV-próf og hvetja fólk til að fara í þau og fá ráðgjöf og aðstoð greinist það jákvætt. 891 fóru í framhaldinu í HIV-próf. 250 bolum með slagorðum var dreift til að vera stöðug áminning. Reist var heislustöð í Andodershe búin grunn-tækjum og hún afhent yfirvöldum sem manna hana starfsfólki sem fyrst og fremst sinnir forvarnarstarfi, fræðslu um hreinlæti og smitleiðir sjúkdóma og brýnustu heilsuáðstoð. 15 yfirsetukonur sem sinna þátttökuþorpunum

sóttu námskeið, í samvinnu við héraðsyfirvöld. Farið var í möguleika nútíma tækni við barnsfæðingar, hvað þær gætu ráðið við og hvað ekki, hreinlæti við fæðingar og fleira.

5. Að styrkja leiðtoga og opinbera starfsmenn til að veita þjónustu.

28 fundir voru haldnir þar sem fólk var vakið til vitundar um mikilvæg mál og þeim gefið tækifæri til að ræða þau. Fjallað var um brýnustu framfarasmál hvers svæðis, hvaða hindranir væru og hvernig komast yfir þær, hlutverk leiðtoga/öldunga samfélagsins í framþróun, hvernig leysa úr átökum, ábyrgð leiðtoga og samfélagsins alls á framþróun. Á síðasta ári voru stofnaðar 24 nefndir, svokallaðar „COLTA teams“ (Community Organization and Leadership Training for Action) í hinum 4 nýju kebeleum verkefnisins. 84 slíkar nefndir eru þá starfandi í öllum 14 kebeleum verkefnisins. Hlutverk nefndanna er að virkja samfélagið til að greina vanda, finna lausnir og setja fram aðgerðaráætlanir þar sem samfélagið í heild, leiðtogar og opinberir starfsmenn bera sameiginlega ábyrgð á framkvæmd. Málefni sem nefndirnar taka fyrir eru m.a. heilsa, menntun, landbúnaður, umhverfisvernd, búfé og vatn. 162 meðlimir COLTA-nefnda fengu fræðslu í áður-nefndum málefnum og um hlutverk og ábyrgð nefndanna. Í samstarfi við Háskólann í Jijiga var haldið fjögurra daga námskeið fyrir 27 opinberir starfsmenn í héraði um verkefnastjórnun, markmiðssetningu og hvernig virkja samfélag. Halndir eru fundir með leiðtogum úr samfélaginu um ótímabærar giftingar, brottmál kvenna til giftinga, að ekkjur skuli ganga til annars karlmanns í fjölskyldunni, umskurð og að skera úfinn úr börnum með óhreinum áhöldum og fleira. Slíkir fundir þykja besta leiðin til að ná fram hugarfarsbreytingum. 40 manns sóttu slíka fundi á síðasta ári. Auk íbúa voru þar fulltrúar opinberrar þjónustu, réttarkerfisins og shariadómstólanna, lögreglu og fleiri. Dregið hefur úr tilvikum þar sem skaðlegum venjum er viðhaldið. Allt leiðir þetta til að allir aðilar vinna út frá sama skilningi á vandanum sem við er að etja og áætlanir og aðgerðir eru meira í takt.

Malaví

Hjálparstarfið styrkti á árinu 2011 verkefni um vatnsöflun og betra lífsviðurværi sjálfsþurftarbænda í Malaví um 160.000 USD. Framkvæmdaraðili var Evangelical Lutheran Development Service (ELDS). Verkefnið var unnið í Chikwawa-héraði, í 35 þorpum með um 950 heimilum. Markmið eru fimm; á sviði samstarfs við opinbera aðila, vatnsöflunar, meðferðar auðlinda, næringar, fæðuöryggis og skepnuhalds, HIV /alnémis og kynbundins ofbeldis.

1 Að auka getu ólíkra opinberra aðila til að vinna að vatnsöflun og nýtingu vatns til betra lífsviðurværis.

Um 2.100 manns tóku þátt í ýmsum fundum til að fræða og auka

samstarf aðila á svæðinu. Allir fá tækifæri til að taka til máls og ræða saman, greina vandamál varðandi vatn og finna leiðir til lausnar þeim. Opinberir starfsmenn, þorpsleiðtogar og fólk í vatns- og hreinlætisnefndum þorpa vann saman undir stjórn verkefnisins til að fræðast um hlutverk hvers og eins, opna samskiptaleiðir og auka samstarf. Fólk í vatnsnefndum er orðið meðvitaðra um hlutverk sitt og hvernig það á að haga samvinnu við aðra sem koma að þróun á svæðinu. Það er hæfara í að móta stefnu fyrir sitt þorp, skipuleggja aðgerðir, fylgjast með og meta framvindu og árangur. Íbúar eru meðvitaðri um réttindi sín til vatns bæði sem mannréttinda og sem réttinda íbúa landsins. Það er mikilvægur liður í að gera aðstoðina réttindamiðaða í stað þess að hafa aðgerðir einungis þarfamiðaðar. Fólkið veit nú hvernig það á að bera sig að til að krefjast réttar síns hjá hinu opinbera.

2 Nýta vatn til ræktunar og skepnuhalds til að bæta næringu fólks.

Því miður er uppskera sjálfsþurftarbænda sem verkefnið beinist að yfirleitt rýr. Landkostir eru litlir og þurrkar viðvarandi. Til að bæta úr því eru áveitur mikilvægur hluti af verkefninu. Áveituland stækkaði á árinu um 17 hektara á síðasta ári með tilkomu þriggja mótorpumpa og 15 fótstiginna pumpa. Fjórar bænda fjölskyldur deila pumpu og voru því 60 nýir áveit- ureitir gerðir. Hver fjölskylda hefur að jafnaði 0,8 hektara fyrir sig. Nú gefst tækifæri til að fá 2-3 uppskerur í stað einnar. Fótstignu pumpunum er komið niður við litlar stíflur, ár eða tjarnir og vatni dælt þaðan. Vatnsból þorna þó oft alveg yfir þurrasta tímann sem veldur erfiðleikum við að auka framleiðslu verulega. Fólki hefur verið kennt að búa til lífrænan bíómassa til að bera á og auka næringargildi jarðvegs. Það geta bændur gert milli uppskeru og næstu sáningar. Þannig vinna þeir fram fyrir sig í stað þess að vera iðjulausir á þeim tíma eins og tíðkast. Hirsifræjum var dreift til 100 heimila. Þrátt fyrir erfiðleika hefur hagur fólks batnað með frægum þurr- kapólnari tegunda sem það hefur fengið í gegnum verkefnið. 600 geitum var dreift til 600 fjölskyldna og 206 afkvæmum eldri geita í verkefninu var dreift á jafnmörg ný heimili. Skylda er að gefa fyrsta afkvæmið einhverjum sem ekki á og margfaldast þannig áhrifin. Starfsfólk verkefnisins sér um val á nýjum eigendum. Geiturnar bíta ruður af uppskeru, gefa tað til áburðar og tekjur séu þær seldar. Þetta gerist óháð uppskeru og kjöt af þeim gerir mataræði fjölbreyttara. Miklu meiri þekking er á skepnuhaldi fyrir tilstuðl- an verkefnisins, bændur þekkja nú til kynbóta og ræktun gengur betur. Árangur verkefnisins er einnig sá að fólk skilur nú vel samhengi fátæktar og umhverfis. Það sér hve gríðarlegur ágangur er á auðlindir eins og vatn og jarðveg. Þeim hafa opnast nýjar leiðir til að nýta hvort tveggja betur. Þau hafa lært aðrar aðferðir til að auka tekjur en þessar gömlu sem voru afar þurftafrekar, eyddu jarðvegi og juku á afleiðingar flóða og þurrka. Verkefnið hefur virkjað bæði karla og konur, varpað ljósi á vinnuframlag hvers og eins og ýtt undir samábyrgð og jafnan rétt til að njóta árangurs af verkefninu.



3 Afla vatns til að auka hreinlæti og bæta heilsu munaðarlausra barna, HIV/ alnæmissjúkra og aldraðra.

Á árinu 2011 voru 7 brunnar handgrafnir og farið í viðhald og endurbyggingu 10 eldri brunna. Auk eftirlits með brunnum eiga vatnsnefndir sem skipaðar eru um hvern brunn að sjá um viðhald á pumpum og umhverfi brunnsins og fræða fólk um hreinlæti. 40 meðlimir vatnsnefnda fengu þjálfun. Einnig voru þjálfaðir 31 sérstakir viðhaldsmenn (community water technician) sem eru vatnsnendum til halds og trausts og sinna viðhaldi í samstarfi við þau. Í þessu samhengi er jafnframt unnið að því að afla dreifingaraðila á hverju svæði sem tryggir að nauðsynleg viðhaldsefni og varahlutir í vatnspumpur brunna séu fyrir hendi á hverjum tíma. Þetta getur t.d. gerst með þeim hætti að verslanir sem eru fyrir hendi bæti þessum vörum við vörulager sinn. Á þessum slóðum hefur ekki tíðkast að nota kamra en í gegnum verkefnið eru þeir smám saman að ryðja sér til rúms. Fyrst voru 30 kamrar gerðir með 30 fjölskyldum í 10 þorpum. Þeir eru um leið sýnikennsla fyrir aðra og allir hvattir til að gera sér eigin kamar. Á síðasta ári bættust 77 kamrar við. Fræðsla um smitleiðir sjúkdóma og hreinlæti er fastur liður. Árangur af þessum aðgerðum er sá að snarlega dregur úr vinnuálagi á konum og stúlkum sem sækja nú vatnið um skemmri veg. Almenn heilsa batnar, framleiðsla búafurða verður meiri og afkoman betri. Ekki síst hjálpa þessar aðgerðir HIV/alnæmissjúkum sem hafa veikt ónæmiskerfi og þurfa að gæta góðs hreinlætis til þess að fá síður sýkingar eða umgangspestir. Fólkið tekur alltaf þátt í verkefnunum sem skilar sér í því að fólk finnur til ábyrgðar að nýta og viðhalda því sem verkefnið kemur til leiðar. Stuðningshópur sjálfbodaliða veittu 35 alnæmissmituðum einstaklingum stuðning með samveru og fræðslu og þeir fengu einnig teppi og hirsu. Kornu var einnig veitt til munaðarleysingahælis sem tekur á mótu börnum sem misst hafa foreldra sína úr alnæmi.

4 Hjálpa fólki að safna vatni og nýta til sameiginlegra nota og hlúa að auðlindinni.

Í 5 þorpum voru lítil uppistöðulón, dammar, gerðir til að stöðva rennsli yfirborðsvatns sem eyðir jarðvegi og nýtist ekki gróðri. Framleiðsla í þorpunum á græðlingum hélt áfram. 8.000 græðlingum var plantað til að festa raka í jarðvegi. Þannig er komið í veg fyrir að rigningavatn renni burt á yfirborðinu og jarðvegur haldist nógu rakur fyrir plöntur. Tré eru valin þannig að þau séu hraðvaxta og þau megi einnig nota sem eldsneyti þegar tímabært er að grísa. Það dregur úr ofnýtingu á náttúrulegum gróðri. Þátttaka fólks í þessum þætti verkefnisins eykur mjög skilning á hringrás vatns, nauðsyn þess að vernda auðlindina og láta af venjum sem skaða umhverfið. Þar sem þurrkar og flóð á víxl eru algeng á svæðinu er gróðursetningin liður í að draga úr áhrifum þeirra með betri gróðurþekju. Tré eru einnig gróðursett til að veita matjurtum skugga og girða af fyrir skepnum. Þannig falla skógrækt, jarðrækt til framfærslu og skepnuhald vel saman og henta smábændum einkar vel.

5 Auka jafnrétti og draga úr kynbundu ofbeldi.

Fræðsla um aukið jafnrétti er tvinnuð inn í alla þætti verkefnisins. Vinnuframlag kvenna er dregið fram í dagsljósið og sýnt fram á verðleika þess miðað við önnur störf. Valið er í nefndir verkefnisins þannig að bæði kyn eigi fulltrúa og bæði kyn komi að ákvarðanatöku. Konur og stúlkur eru orðnar merkjanlega fúsari til að taka þátt í verkefnum og hafa meira sjálfstraust. Með umræðum og samvinnu sjá karlarnir framlag þeirra í öðru ljósi. Í nefndum verkefnisins fæst reynsla á samvinnu kynjanna sem hefur skilað góðum árangri og nýttist út fyrir þær. Haldnir voru almennir fræðslu- og umræðufundir um kynbundið ofbeldi. Ýmsar leiðir eru farnar til að miðla sjónarmiðum um jafnrétti. Leikrit eru vinsæl þar sem þau henta öllum, ungum, öldnum, læsum sem ólæsum. Þar er boðskapurinn að ofbeldi gegn konum eigi ekki að líða. Sjónar- eða vitundarvottum beri að stöðva ódæðismenn eða segja frá svo leiðtogar geti tekið á málum.

Chikwawa-héraðið er einstaklega þurrt og harðbýlt. Uppskera er oft lítil og fólk oft endað með því að þurfa að borða útsæði eða óþroskaða uppskeru. Hvort tveggja dregur úr framtíðartekjum. Komi flóð eins og oft gerist, kemur ekki langþráð vatn á ræktarlönd, heldur skolast allt burt. En brunnur sem tryggir hreint drykkjarvatn og gefur möguleika á að vökva grænmetisgarða og pumpur sem veita vatni á akra breyta miklu. Fólk er því áhugasamt og viljugt til að leggja á sig vinnu til að tryggja betri lífsafkomu.

Úganda

Hjálparstarf kirkjunnar hefur um árabil stutt HIV-verkefni í Úganda. Í Rakai-héraði er verkefnið framkvæmt af litlum sjálfstæðum staðarsamtökum, Rakai Community Based AIDS Organization, sem spröttin eru upp úr starfi Lútherska heimssambandsins. Lútherska heimssambandið vinnur verkið í Sembabule-héraði. Samtals, til beggja samtaka, leggur Hjálparstarfið 80.000 USD. Markmið beggja er að bæta lífskjör HIV/alnæmissmitaðra, aðstandenda og eftirlifenda. Útbreiðsla alnæmis er mikil, margir eru fallnir frá og eftir standa munaðarlaus börn og aldnar ekkjur með barnabörn á framfæri sínu. Mikill tími fer í að hugsa um þá veiku. Vatnsleysi plagar íbúa og langt er að sækja vatn þótt ekki sé nema til lágmarks daglegar neyslu. Með vatnsskortri dregur úr persónulegu hreinlæti og sjaldan er þrifid. Óhreinlætið ýtir undir að þeir sem hafa skert ónæmiskerfi eins og alnæmissjúklingar, fái allar umgangspæstir og sýkist auðveldlega af sjúkdómum sem berast með vatninu. Kraftur til vinnu er lítill vegna veikinda og vannæringar. Tekjur eru litlar. Af þeim leiðum sem samtökin fara til að hjálpa fólki styður Hjálparstarfið eftirtaldir:

- að byggja íbúðarhús, frístandandi eldhús með sparhlóðum, gera þvotta- aðstöðu við hvert hús og deila út helsta heimilisbúnaði.



- að auka vitund um hreinlæti og tengsl þess við góða heilsu með fræðslu og með því að reisa góða kamra.
- að auka magn og aðgang að hreinu vatni til heimilisnota með því að koma upp söfnunartönkum fyrir rigningarvatn.

Eftirfarandi er tafla yfir framkvæmdir í báðum héruðum.

	SEMBABULE Gert 2011	RAKAI Gert 2011
Hús	4	5
Kamar	4	5
Vatnstankar	4	5
Eldhús	4	5
Hreinlætisnámskeið	4	0
Húsbúnaður	4	5
Eldhúsáhöld	4	5

Húsin eru einföld en þannig að þau endist vel. Þau eru ætluð börnum eða öldruðum og veikum með börn á framfæri. Því er ekki hægt að gera ráð fyrir að íbúar sinni miklu viðhaldi. Á fræðslufundum fyrir íbúa, þorpsleiðtoga og skólabörn hefur fólk fengið skilning á tengslum hreinlætis og heilsu. Því finnst ekki lengur erfitt og framandi að nota kamra en gerð þeirra er hluti af verkefninu. Geitum og hænum er dreift til þeirra verst settu sem þannig fá fjölbreyttari fæðu, kjöt, egg og mjólk og geta jafnvel selt umfram afurðir sem aftur tryggir afkomugrundvöll. Kamrar eru með steypu gólfi, ýmist hlaðnir úr múrsteini eða með stráveggjum. Fólk þeir gerir einfalda krana hjá kömrnum og kemur fyrir sápu og þurrku. Vatnstankar safna vatni af bárujárnsþökum húsanna. Af húsbúnaði og eldhúsáhöldum sem var dreift má nefna moskítónet, dýnur, hillur, vaskaföt, hreinlætisvörur, vatnsbrúsa, pönnur, potta, diska og bolla. Fólk þeir lærir að gera þvotta-grindur og halda leirtaui frá óhreinindum. Þessar aðgerðir hafa skilað þátttakendum miklum breytingum til hins betra. Merkjanlega hefur fækkað að tilfellum malaríu, húðsjúkdóma, niðurgangs, orma og annarra sjúkdóma sem berast með óhreinu vatni eða koma vegna óhreininda og lélegrar loftræstingar.

Neyðaraðstoð

Í ár veitti Hjálparstarf kirkjunnar fjármunum til neyðaraðstoðar í Eþíópíu og Malaví.

Eþíópía

Hjálparstarfið styrkti tvær beiðnir um neyðaraðstoð í Eþíópíu vegna þurrka og hungursneyðar. Þær komu í gegnum ACT Alliance og báðar fengu styrk



frá utanríkisráðneytinu. Í júlí 2011 samþykkti utanríkisráðuneytið 2,7 milljónir á móti 1,3 frá Hjálparstarfinu. Markmið verkefnisins var að koma í veg fyrir dauðsföll go auka kunnáttu og færni fólks til að takast á við þurrka og hamfarir og styrkja þannig úthaldsmöguleika þess. Markhópurinn var rúmlega 80.000 manns á nærri 12.300 heimilum. Mataraðstoð var veitt, tæplega 3.000 manns fengu vinnu gegn mat við að bæta jarðveg, varna því að vatn rynni burt og sigi frekar í jarðveginn til að halda raka til ræktunar. Einnig voru haldin námskeið og verkfærum og fræjum deilt út. Opinberir starfsmenn og starfsmenn verkefnisins fengu líka sérstaka þjálfun í því hvernig megi draga úr vöndum afleiðingum hamfara. Seinni beiðnin var samþykkt í september og nam stuðningur utanríkisráðuneytisins tíu milljónum á móti þremur frá Hjálparstarfinu.

Malaví

Í Malaví veitti Hjálparstarfið neyðaraðstoð upp á 1,2 milljónir vegna flóða á verkefnasvæði sínu í Chikwawa-héraði. Veitt var mataraðstoð, bráðabirgðaskjól reist handa þeim sem höfðu misst húsnæði og teppum dreift. Í flóðum eyðileggjast gjarnan kamrar, vatn fyllir þá og burðarvirki skekkjast og skemmast. Því var fjármunum varið í viðgerð og endurgerð á þeim. Einnig var útdelt fræjum og verkfærum til að sá fyrir nýrri uppskeru þar sem akrar skemmdust. Alvarlegt ástand ríkir víða í Malaví vegna þessa og ljóst að áframhaldandi aðstoðar verður þörf. Þróunarverkefni Hjálparstarfsins í Chikwawa líður fyrir ástandið og því áriðandi að reyna að draga sem mest úr áhrifum hamfaranna.

actalliance

Hjálparstarf kirkjunnar veitir mest af neyðarhjálp sinni í gegnum ACT-Alliance og er einn 131 ACT-aðila um allan heim. Samtökin vinna bæði að neyðarhjálp og þróunaraðstoð með sérstakri áherslu á að brúa bilið milli neyðaraðstoðar og uppbyggingar og vinna sífellt að forvörnum gegn vá. ACT-Alliance vinnur í 140 löndum að því að bjarga lífi og byggja upp samfélög í kjölfar neyðar. Árleg velta allra ACT-aðila nemur um 1,6 milljörðum dala. ACT-aðilar hafa á að skipa 30.000 starfsmönnum og sjálfboðaliðum. Til að virkja allt þetta fólk notar ACT svokölluð forum eða samstarfsvettvang á lands- og svæðavísu og eru 40 slík starfandi. Þar hittast reglulega allir ACT-aðilar í sama landi ásamt áheyrnarfulltrúum sem að málum koma. Þekking samnýtt, aðstæður og þarfir metnar, til dæmis fyrir neyðaraðstoð, og aðgerðir samhæfðar. Þessi forum eru lykillaþáttur í starfi ACT ásamt vinnuhópum um mál eins og hlýnun jarðar, kynjamál, malarú, vernd flóttafólks, árangursmat og fleira. Hóparnir veita þannig framkvæmdaradilum faglegan stuðning. Hóparnir vinna einnig að otun gagnvart stjórnvöldum og alþjóðastofnunum. Í höfuðstöðvum ACT í Genf mætast svo allir ACT-aðilar, þeir sem sækjast eftir aðstoð og þeir sem geta veitt hana í formi fjármuna eða verkframkvæmda á staðnum. Allir ACT-aðilar eru bundnir alþjóðlegum stöðlum um gæði neyðaraðstoðar,

fara eftir alþjóðlegum siðareglum hjálparstjóra og reglum um gangsaði og ábyrgð.

Samstarf og fundir um þróunarmál

Framkvæmdastjórafundur Norðurlanda

Að þessu sinni var norræni framkvæmdastjórafundurinn haldinn á Íslandi 1. og 2. september, á Hótel Keflavík. Framkvæmdastjóri, verkefnastjóri og fræðslu- og upplýsingafulltrúi sóttu fundinn. Þátttakendur voru 35 frá öllum Norðurlöndum. Fundinn sækja einnig millistjórnendur eftir umræðuefnum hvers fundar. Megin umræðuefnið var ACT Alliance og aukið samstarf norrænu stofnananna innan ACT.

Samráðsvettvangur íslenskra manúðarsamtaka í alþjóðlegu hjálparstarfi og þróunarsamvinnu, SÍMAH

Þátttakendur eru: ABC-barnahjálparstarfið, Barnaheill – Save the Children, Hjálparstarfið, Rauði kross Íslands, Samband íslenskra kristniboðsfélaga, SOS-barnaþorp, UNICEF og UN Women. Haldnir voru fjórir fundir á starfsárinu. Í maí var haldið málþing sem RKÍ bar ábyrgð á um ódýrari leiðir í flutningi fjármagns til verkefna erlendis. Erlendur fyrirlesari fjallaði um málið og svaraði fyrirspurnum. Reglulegir samráðsfundir samtakanna eru mikilvægur vettvangur til að skiptast á upplýsingum um starfsemi og áætlanir hversra samtaka.

Þróunarsamvinna ber ávöxt

SÍMAH stóð ásamt ÞSSÍ að áttakinu Þróunarsamvinna ber ávöxt í september. Tilgangurinn var að vekja athygli á þróunarsamvinnu og þann ávinnning sem unnist hefur. Greinar birtust í Fréttablaðinu, eplum dreift á fjölförnum stöðum á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri með skilaboðum um árangurinn og haldið málþing um málefnið í Háskóla Íslands.

Samstarfsráð utanríkisráðuneytisins

Hjálparstarf kirkjunnar er meðal 5 fulltrúa SÍMAH sem eiga sæti í 15 manna samstarfsráði um alþjóðlega þróunarsamvinnu á vegum utanríkisráðuneytisins. Skipað var í ráðið til áraanna 2008-2013. Þar sitja einnig fulltrúar atvinnulífs og háskólasamfélagsins. Ráðið er utanríkisráðherra til ráðgjafar um þróunarmál.

Fræðslu- og kynningarmál

Fréttablaðið Margt smátt

Fréttablað Hjálparstarfsins, Margt smátt, fjallar um verkefni sem Hjálparstarfið stendur fyrir eða tekur þátt í, málefni skjólstaðinga heima og heiman og ýmislegt sem er á döfinni. Blaðið kom út fjórum sinnum. Í

september og júní var það í tímaritastærð og sent á um 6.000 styrktaraðila, bókasöfn og víðar. Í tengslum við jólasöfnunina 2011 kom blaðið út sem fylgiblað með Fréttablaðinu í lok nóvember og fór þannig á heimili landsmanna. Sama var gert í tengslum við páskasöfnun 2012 í lok mars. Þá var blaðið helgað þörfinni innanlands og breytingum og viðbótum við aðstoð Hjálparstarfsins á því sviði.

Heimsóknir til hópa

Farið hefur verið í heimsóknir á ýmsar stofnanir, í kirkjur og í skóla til að kynna starfið í máli og myndum. Fræðsla meðal fermingarbarna fer fram í tæplega 70 sóknum og er getið nánar annarsstaðar í skýrslunni.

Safnanir og fjáröflun

Fermingarbarnasöfnun 2011

Fermingarbörn um allt land gengu í hús dagana 7.-11. nóvember 2011 með bauk Hjálparstarfs kirkjunnar. Þátttaka var mjög góð, 65 prestaköll voru með nú og börnin um 2.700. Söfnunin gekk mjög vel og söfnuðust tæpar 8 milljónir króna. Fyrir söfnunina sáu börnin myndaseríu um munaðarlaus börn í Úganda og óhreina vatnið sem þau þurfa að drekka og hvernig hægt er að bæta úr.

Jólasöfnun

Í jólasöfnuninni 2011 var safnað fyrir neyðar og hjálparstarfi í Austur-Afríku. Sendar voru út valgreiðslur í heimabanka landsmanna og greiðsluseðlar til 65 ára og eldri. Þátttaka var mjög góð. 23,5 milljónir króna söfnuðust.

Páskasöfnun

Um páska var safnað fyrir innanlandsaðstoð undir yfirskriftinni „Hjálpum heima“. Valgreiðslur voru sendar í heimabanka landsmanna í lok apríl. Jafnframt voru sendir greiðsluseðlar til 65 ára og eldri. 10,4 milljónir króna söfnuðust.

Hjálpum þeim – safnútgáfa

Fyrir jól kom út safnútgáfa með þrem útgáfum lagsins Hjálpum þeim eftir Jóhann G. Jóhannsson og Axel Einarsson. Hollvinafélag Hjálparstarfs kirkjunnar með Jóhann G. Jóhannsson í fararbroddi stóð fyrir útgáfunni. Disknum fylgir hefti með texta lagsins á íslensku og ensku og samantekt um sögu lagsins eftir Andreu Jónsdóttur útvarpskonu. Allur ágóði rennur til neyðarhjálpar í Austur-Afríku.

Vefsíðurnar gjofsemgefur.is og framlag.is

Vinsældir gjafabréfasíðurnar gjofsemgefur.is eru sífellt að aukast. Árið 2011 voru 1.451 gjafabréf keypt á vefnum auk þeirra sem seldust á skrifstofunni, sem er 31% aukning frá fyrra ári. Af 37 vörutegundum eru geitur vinsælastar en einnig voru hænur, vatn, grænmetisgarðar, skóladót og að frelsa barn úr skuldaánsuð vinsæl. Af gjafabréfum sem styrkja starf innanlands voru framtíðarsjóður, stuðningur við skólabyrjun og jólagjafir á Íslandi vinsæl.

Á vefsíðunni framlag.is gefur fólk til verkefna að eigin vali, án þess að ætla að gefa framlag í nafni þriðja aðila eða nota til gjafa. Flestir völdu að gefa til Afríkuverkefna Hjálparstarfsins og næst flestir völdu að gefa til aðstoðar innanlands.

Friðarljós

Friðarljós Hjálparstarfsins eru framleidd í kertaverksmiðjunni Heimaey sem er verndaður vinnustaður. Með kaupum á þeim styður fólk því tvö góð málefni. Friðarljós seldust fyrir 8,7 milljónir á árinu.


Sóknir, félög, samtök og fyrirtæki

Heildarframlag sókna til Hjálparstarfs kirkjunnar nam 5,1 milljónum króna og hefur lækkað töluvert frá fyrra ári. Stuðningur félaga, samtaka og fyrirtækja nam tugum milljóna.


Aðrar fjáröflunarleiðir

Utan stóru safnananna safnar Hjálparstarfið fé eftir öðrum leiðum. Söfnunarsímar Hjálparstarfsins 907 2002 og 907 2003 eru sérstaklega nýttir í tengslum skyndisafnanir í neyð. Söfnunarbaukarnir fyrir vatn í Afríku standa á kaffihúsum, í verslunum og fyrirtækjum víða um land. Hljómsveitin Tilviljun? stóð fyrir styrktartónleikum í september sem skil-uðu rúmlega 600.000 krónum til neyðarhjálp í Austur-Afríku, börn og ungmenni stóðu fyrir tombólum, ýmsum uppákomum og sölu á varningi til stuðnings starfinu. Sala minningarkorta hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár. Minningarkort má kaupa á www.help.is og á skrifstofunni.

Tekjur námu 263,6 milljónum króna



213,8 milljónum varið til verkefna



Fjármál


Söfnunarfé og útgjöld

Tekjur stofnunarinnar frá 1. júlí 2011 til 30. júní 2012 námu 263,6 milljónum króna. Þrjár safnanir voru á starfsárinu, söfnun fermingarbarna í nóvember, jólasöfnun og svo hefðbundin páskaöfnun. Fastir styrktarmenn, regluleg framlög presta og sókna, styrktarlínur í fréttablaðið, kertasala, minningarkort og gjafabréf skila starfinu einnig mikilvægum tekjum. Hjálparstarf kirkjunnar hefur notið góðs af stuðningi stjórnvalda við þróunarverkefni og neyðaraðstoð.

Framlög til verkefna

85,6 milljónum var varið til þróunarverkefna og 17,5 milljónum til neyðarhjálp. 100,8 milljónum var varið til verkefna innanlands. Fræðslu- og kynningarstarf kostaði 9,9 milljónir. Hjálparstarfið hefur á árinu varið 288,5 milljónum til verkefna og reksturs. Af söfnunarfé sem eftir er í lok starfsársins, 244,5 milljónum króna, hefur stofnunin eyrnamerkt og skuldbundið sig til að greiða um 200 milljónir vegna verkefna sem eru í gangi.

Ráðstöfun til verkefna og kostnaður nam 288,5 milljónum



Skipulag, stjórn, starfsfólk

Hjálparstarf kirkjunnar starfar eftir skipulagsskrá undir stjórn fulltrúaráðs; 9 fulltrúa prófastsdæma, 5 fulltrúa kirkjuráðs og breytilegs fjölda fulltrúa prestakalla. Á þessu starfsári voru 68 í fulltrúaráði. Skal formaður framkvæmdastjórnar vera úr þeim hópi sem kirkjuráð kýs. Ráðið fundar tvisvar á ári, á aðalfundi að hausti og fulltrúaráðsfundi að vori. Ráðið kýs framkvæmdastjórn sem nú skipa:

Ingibjörg Pálmadóttir formaður
Lóa Skarphéðinsdóttir hjúkrunarfræðingur
Elínborg Sturludóttir sóknarprestur í Stafholti í Borgarfirði

Varamenn:

Páll Kr. Pálsson hagverkfræðingur
Hörður Jóhannesson aðstoðar lögreglustjóri

Stjórnin fundaði 10 sinnum á árinu. Starfsfólk er: Jónas Þ. Þórisson framkvæmdastjóri, Áslaug Arndal sem sér um skrifstofuhald og fósturbörn, Bjarni Gíslason fræðslu- og upplýsingafulltrúi, Vilborg Oddsdóttir félagsráðgjafi og umsjónarmaður innanlandsaðstoðar, Eldey Huld Jónsdóttir félagsráðgjafi í 70% starfi. Atli Geir Hafliðason hefur umsjón með fatalager, sölu Friðarljósa o.fl., Anna M. Þ. Ólafsdóttir verkefnastjóri í 75% starfi, Guðlaug Magnúsdóttir félagsráðgjafi í 20% starfi við ráðgjöf. Þorsteinn Valdimarsson er í 25% starfi við að leiða starf Breytanda – Changemaker. Anna sinni afleysingarstarfi á Biskupsstofu í 50% starfi frá febrúar til júní 2011 og var á sama tíma í 25% starfshutfalli hjá Hjálparstarfinu.

Stjórn og fulltrúaráð Hjálparstarfs kirkjunnar

Stjórn

Aðalmenn
Ingibjörg Pálmadóttir
Lóa Skarphéðinsdóttir
Elínborg Sturludóttir

Varamenn:
Hörður Jóhannesson
Páll Kr. Pálsson

Skoðunarmenn reikninga
Margrét Albertsdóttir
Halldór Konráðsson

Herra Karl Sigurbjörnsson biskup
sjálfkjörin samkvæmt skipulagkssrá
stofnunarinnar

Skipaðir af kirkjuráði

Þorsteinn Pálsson
Páll Kr. Pálsson
Rannveig Sigurbjörnsdóttir
Lóa Skarphéðinsdóttir
Ingibjörg Pálmadóttir

Varamenn kirkjuráðs
Kristín Magnúsdóttir
Guðbjörg M. Matthíasdóttir

Fulltrúar prófastsdæma

Reykjavíkurprófastsdæmi vestra
Halldór Kristinn Pedersen
Margrét Kr. Sigurðardóttir

Reykjavíkurprófastsdæmi eystra
Níels Árni Lund
Valgerður Vigfúsdóttir

Kjalarnesprófastsdæmi
Sr. Þórhallur Heimisson
Arndís Guðmundsdóttir

Vesturlandsprófastsdæmi
Sr. Elínborg Sturludóttir
Sr. Aðalsteinn Þorvaldsson

Vestfjarðaprófastsdæmi
Hulda Karlsdóttir
Helga Friðriksdóttir

Húnavatns og Skagafjarðarprófastsdæmi
Úrsúla Árnadóttir

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi
Sr. Guðmundur Guðmundsson
Finnur Baldursson

Austurlandsprófastsdæmi
Sr. Jóna Kristín Þorvaldsdóttir
Jens Garðar Helgason

Suðurprófastsdæmi
Hafsteinn Stefánsson
Örn Arnarson

Fulltrúar kosnir af prestaköllum

Reykjavíkurprófastsdæmi eystra

Árbæjarsókn
Guðbjörg Helgadóttir

Breiðholtssókn
Gyða Kristófersdóttir

Digranessókn
Halldór Konráðsson

Kársnessókn
Sigríður Sigfúsdóttir
Benedikt Vilhjálmsson

Grafarvogssókn
Ingvar Haraldsson

Hjallasókn
Svala Hafsteinsdóttir

Lindasókn
María Kristín Lárusdóttir

Hólabrekkusókn
Jón A. Björnsson

Fellasókn
Birna Hjaltadóttir

Seljasókn
Jenetta Bárðardóttir
Matthildur Sverrisdóttir

Reykjavíkurprófastsdæmi vestra

Ássókn
Júlíana Tyrfingsdóttir

Bústaðasókn
Gunnar Sigurðsson
Magnús Viðar Skúlason

Dómkirkjusókn
Ásta Kristjánsdóttir
Einar Gottskálfsson

Grensássókn
Steinn Ásg. Frímannsdóttir
Ágúst Jónatansson

Hallgrímssókn
Guðlaugur Gunnarsson
Sigurður Bjarnason

Háteigssókn
Haraldur Sigurðsson
Helgi E. Helgason

Nessókn
Ragnheiður M. Guðmundsdóttir

Langholtssókn
Heiður Þorsteinsdóttir
Guðrún Áslaug Einarsdóttir

Laugarnessókn
Hörður Jóhannesson

Seltjarnarnessókn
Margrét Albertsdóttir
Guðmundur Magnússon

Suðurprófastsdæmi

Ofanleitissókn
Steinn Einarsdóttir
Guðbjörg Matthíasdóttir

Vesturlandsprófastsdæmi

Akranessókn
Sigríður Kr. Valdemarsdóttir
Ragnheiður Grímsdóttir

Stafholtssókn
Sr. Elínborg Sturludóttir

Eyjafjarðarprófastsdæmi

Akureyrarsókn
Jón Oddgeir Guðmundsdóttir

Lögmannshlíðarsókn
Svanhildur Bragadóttir

Þingeyjarprófastsdæmi

Húsavíkursókn
Haflíði Jósteinnsson

Vallanesprestakall
Gísli Guðmundsson

Heimasíða: www.help.is
Gjafabréf: www.gjofsemgefur.is
Framlög: www.framlag.is
Ungliðahreyfing: www.changemaker.is